



12. mars 2021

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskeldis, matvæla og landbúnaðar (einföldun regluverks).

Siðfræðistofnun gerir athugasemd við 26. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 5. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013, þar sem mælt er fyrir um skipan fagráðs um velferð dýra. Samkvæmt gildandi lögum skal leita tilnefninga frá Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýraverndarsambandi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Í greinargerð með frumvarpi að gildandi lögum er þessi samsetning fagráðsins rökstudd. Þar er áhersla lögð á ríkar faglegar hæfniskröfur og faglega breidd fagráðsins, auk þess sem tilgreint er að hlutverk ráðsins felist m.a. í því að vera „sjálfstæður faglegur vettvangur þar sem fylgst er með dýravelferðarmálum og þróun þeirra.“

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi skipar ráðherra fagráðið og er ekki bundinn af tilnefningum fag- og hagsmunaaðila. Verði frumvarpið að lögum er hætt við því að hinum faglegu sjónarmiðum – ekki síst sjónarmiðum dýravelferðar – verði vikið til hliðar í nafni skilvirkrar stjórnsýslu. Með því væri stigið skref aftur á bak í málefnum dýravelferðar og sú spurning vaknar hvort fyrirhuguð breyting samrýmist markmiðum laga um velferð dýra.

Í skýringu með 26. gr. frumvarpsins er tilgreind sú ástæða fyrir breytingunni, að í nokkrum tilfellum hafi skipanir dregist og það leitt til tafa á afgreiðslu mála. Ef um afmörkuð tilfelli er að ræða er vandséð að lagabreytingar sé þörf. Öðru gildir hins vegar ef vandinn er kerfislægur. Nær væri að tryggja þeim aðilum, sem tilnefna fagfólk í ráðið, viðunandi fyrirvara og sjá til þess að öll hagnýt atriði sem lúta að starfi og faglegru umgjörð fagráðsins liggi fyrir þegar tilnefninga er óskað. Með því móti ættu markmið laga um velferð dýra og markmið skilvirkrar stjórnsýslu að fara vel saman.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri